

á innanlandsmarkaði eða til útflutnings kemur skal liggja fyrir að æðardúnn standist gæðamat dúnmatsmanna með vottorði þeirra þar að lútandi.

3. gr.

Landbúnaðarráðuneytið gefur út leyfi til handa dúnmatsmönnum til starfa á þeim stöðum sem það telur þörf á að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands og Félags íslenskra stórkaupmanna. Dúnmatsmenn skulu undirrita eiðstaf áður en þeir taka til starfa. Kostnaður af störfum þeirra greiðist af matsbeiðanda í samræmi við gjaldskrá sem ráðuneytið staðfestir.

Nánar er kveðið á um framkvæmd laganna, starfsskyldur og hæfniskröfur dúnmatsmanna í reglugerð.

4. gr.

Brot á lögum þessum verða sektum og sæta meðferð opinberra mála.

5. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað. Á sama tíma falla úr gildi lög nr. 39/1970, um gæðamat á æðardún, og frá og með 1. júlí 2005 er lögð niður skipun þeirra aðila sem starfa við dúnmat samkvæmt þeim lögum.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Guðni Ágústsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Sjúkratryggingar taka eingöngu þátt í greiðslum skv. 1. mgr. vegna tannlæknaþjónustu aldraðra, öryrkja, barna og unglinga yngri en 18 ára og skal ráðherra setja reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga.

b. 4. mgr. fellur brott.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Valgerður Sverrisdóttir.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 43 29. maí 1998, um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar
forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 1. másl. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur nýr málslíður er orðast svo: Jafnframt er stjórn sjóðsins heimilt að styrkja nýsköpun, rannsóknir og fræðslu- og kynningarstarf í sjávarútvegi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Björn Bjarnason.